

Þingsályktun

um gerð neyslustaðals.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að gera könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrennalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum. Enn fremur verði lagt mat á hvort ástæða sé til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi.

Samþykkt á Alþingi 19. maí 2001.

